

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-ágúst 2008

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu átta mánuði ársins 2008 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 16,7 ma.kr. innan ársins, sem er 27,2 ma.kr. lakari útkoma heldur en á sama tíma í fyrra. Tekjur reyndust um 8,3 ma.kr. hærri en í fyrra á meðan að gjöldin hækka um 42,7 ma.kr. Hreinn lánsfjárfjöfnumur er jákvæður um 25,2 ma.kr., sem er 47,6 ma.kr. hagstæðari útkoma en á sama tíma í fyrra.


Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-ágúst 2004-2008

	Í milljónum króna				
	2004	2005	2006	2007	2008
Innheimtar tekjur	181.033	219.294	246.109	286.074	294.326
Greidd gjöld	189.354	203.787	209.728	239.188	281.885
Tekjujöfnumur	-8.322	15.507	36.381	46.886	12.441
Söluhagn. af hlutabr. og eignahl.	-	-	-	1.505	-
Breyting viðskiptahreyfinga	1.560	791	-823	-3.046	4.191
Handbært fé frá rekstri	-6.761	16.298	35.558	45.346	16.633
Fjármunahreyfingar	7.829	11.260	-2.339	-67.758	8.538
Hreinn lánsfjárfjöfnumur	1.068	27.558	33.219	-22.412	25.171
Afborganir lána	-29.593	-33.363	-32.592	-36.443	-38.129
Innanlands	-4.576	-14.015	-9.719	-22.243	-22.662
Erlendis	-25.017	-19.348	-22.873	-14.199	-15.467
Greiðslur til LSR og LH	-5.000	-2.600	-2.640	-2.640	-2.640
Lánsfjárfjöfnumur, brúttó	-33.525	-8.406	-2.013	-61.496	-15.598
Lántökur	40.177	15.832	25.247	57.515	147.531
Innanlands	16.928	11.555	17.673	54.181	85.647
Erlendis	23.249	4.277	7.574	3.334	61.884
Breyting á handbæru fé	6.652	7.426	23.234	-3.981	131.933

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrstu átta mánuðum þessa árs námu um 294 ma.kr. sem er aukning um 2,9% að nafnvirði. Tekjuáætlun ársins gerði ráð fyrir að innheimtar tekjur væru 292 ma.kr. á þessum tíma og eru þær því um 2 ma.kr. yfir áætlun. Skatttekjur og tryggingagjöld námu 268 ma.kr. sem samsvarar 3,4% aukningu að nafnvirði á milli ára. Á sama tíma hefur almennt verðlag hækkað um 9,3% (VNV án húsnæðis) og skatttekjur og tryggingagjöld hafa því dregist saman um 5,4% að raunvirði. Aðrar tekjur jukust um 23,6% og þar af er mest hækking á vaxtatekjum af bankainnstæðum. Þá var eignasala ríkissjóðs 2,3 ma.kr. á fyrstu átta mánuðum ársins.

Skattar á tekjur og hagnað námu um 103 ma.kr. sem er aukning um 10% frá sama tíma árið áður. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga 57 ma.kr. (aukning um 6,2%), tekjuskattur lögaðila 18 ma.kr. (aukning um 6,7%) og fjármagnstekjuskattur 28 ma.kr. (aukning um 21,1%). Innheimta eignarskatta var um 6 ma.kr. sem er samdráttur upp á 24,7% á milli ára. Stimpilgjöld, sem eru um 80% eignarskattanna, drógust saman um 26,9%.

Innheimta almennra veltuskatta gefur ágæta mynd af þróun innlendrar eftirspurnar. Hún nam 125 ma.kr. frá janúar til ágúst þessa árs og dróst saman um 1,2% að nafnvirði frá sama tíma árið áður og um 9,6% að raunvirði (miðað við hækkun vísitölu neysluverðs án húsnæðis). Þegar horft er á 6 mánaða hlaupandi meðaltal nemur raunlækkun veltuskatta nú 15,4% á milli ára og hefur ekki áður lækkað jafnmikið milli ára þegar árin 2000-2008 eru skoðuð, eins og sjá má á myndinni hér að neðan. Virðisaukaskattur er stærsti hluti veltuskattanna og skilaði hann ríkissjóði 87 ma.kr. á tímabilinu sem er 1,6% samdráttur að nafnvirði frá fyrstu átta mánuðum ársins 2007 og 10% raunsamdráttur. Virðisaukaskattur í ágúst mánuði kemur af smásölu en hann nam aðeins um 7 ma.kr. í mánuðinum sem skýrist þó að hluta af óvenju miklum innskatti sem kom til frádráttar. Aðrir veltuskattar námu um 38 ma.kr. á fyrstu átta mánuðum ársins og drógust lítillega saman frá sama tíma 2007. Tekjur vegna tolla og aðflutningsgjalda námu 4 ma.kr. og tekjur af tryggingagjöldum 27 ma.kr. sem er aukning um annars vegar 16,8% og hins vegar 6% á milli ára.



Greidd gjöld nema 281,9 ma.kr. og hækka um 42,7 ma.kr. frá fyrra ári, eða um tæp 18%. Gjöld til almannatrygginga og velferðarmála eru 71,2 ma.kr. og hækka um 12,7 ma.kr., eða tæp 22% og er það veigamesta skýringin á hækkun gjalda milli ára. Aðrir stórir gjaldaflokkar eru heilbrigðismál, 68,2 ma.kr. sem þó hækka mun minna, eða um 7,1 ma.kr. sem er 12%. Þar á eftir koma efnahags- og atvinnumál þar sem mestu munar um stofnanir samgönguráðuneytis og síðan almenn opinber þjónusta, en báðir þessir flokkar vega um 40 ma.kr. hvor. Hækkunin er þó mismikil frá fyrra ári, atvinnumál hækka um 9,4 ma.kr. eða

31%, en almenna þjónustan um 6,6 ma.kr. eða 20%. Hlutfallslega er mest hækkun á liðnum varnarmál, eða 83%, en málaflokkurinn í heild er mjög veigalítill í heildargjöldum ríkissjóðs.

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs er neikvæður um 15,5 ma.kr. á fyrri helmingi ársins, en var neikvæður um 64,1 ma.kr. á sama tíma í fyrra. Viðsnúningurinn skýrist að mestu leyti af 30,3 ma.kr. kaupum ríkissjóðs á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun og eiginfjárauðningu Seðlabanka Íslands með 44 ma.kr. eiginfjárframlagi á síðasta ári.

Tekjur ríkissjóðs janúar-ágúst 2006-2008

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2006	2007	2008	2006	2007	2008
Skatttekjur og tryggingagjöld	230.505	258.929	267.640	14,9	12,3	3,4
Skattar á tekjur og hagnað	78.979	93.551	102.909	29,7	18,5	10,0
Tekjuskattur einstaklinga	48.151	53.787	57.129	11,7	11,7	6,2
Tekjuskattur lögaðila	15.746	16.533	17.636	114,5	5,0	6,7
Skattur á fjármagnstekjur	15.082	23.231	28.144	44,6	54,0	21,1
Eignarskattar	6.358	7.336	5.526	-33,3	15,4	-24,7
Skattar á vöru og þjónustu	116.941	126.407	124.872	10,5	8,1	-1,2
Virðisaukaskattur	80.676	88.509	87.108	11,2	9,7	-1,6
Vörugjöld af ökutækjum	7.590	6.986	6.352	7,6	-8,0	-9,1
Vörugjöld af bensíni	5.968	6.103	5.921	1,6	2,3	-3,0
Skattar á olíu	4.339	4.826	4.929	15,5	11,2	2,1
Áfengisgjald og tóbaksgjald	7.500	7.860	8.002	4,3	4,8	1,8
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	10.869	12.123	12.558	15,1	11,5	3,6
Tollar og aðflutningsgjöld	2.546	3.405	3.978	21,0	33,7	16,8
Aðrir skattar	1.368	2.305	2.877	10,7	68,5	24,8
Tryggingagjöld	24.311	25.924	27.479	15,5	6,6	6,0
Fjárframlög	736	702	207	172,7	-4,6	-70,5
Aðrar tekjur	14.350	19.570	24.196	-20,7	36,4	23,6
Sala eigna	518	6.873	2.283	.	.	.
Tekjur alls	246.109	286.074	294.326	12,2	16,2	2,9

Gjöld ríkissjóðs janúar–ágúst 2006-2008

	<u>Milljónir króna</u>			<u>Breyting frá fyrra ári, %</u>	
	2006	2007	2008	2007	2008
Almenn opinber þjónusta	26.395	32.538	39.138	23,3	20,3
Þar af vaxtagreiðslur	7.696	10.653	12.347	38,4	15,9
Varnarmál	405	412	754	1,7	83,0
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	8.783	10.566	13.135	20,3	24,3
Efnahags- og atvinnumál	27.853	30.640	40.074	10,0	30,8
Umhverfisvernd	2.259	2.559	2.935	13,3	14,7
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	268	289	357	7,8	23,5
Heilbrigðismál	55.170	61.123	68.188	10,8	11,6
Menningar-, íþróttá- og trúmál	9.185	10.550	11.381	14,9	7,9
Menntamál	23.480	26.238	28.965	11,7	10,4
Almannatryggingar og velferðarmál	50.213	58.443	71.156	16,4	21,8
Óregluleg útgjöld	5.716	5.829	5.801	2,0	-0,5
Gjöld alls	209.728	239.188	281.885	14,0	17,9